

Fundargerð 133.fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 7.nóvember 2022 á Teams.

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Puríður Lillý Sigurðardóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Sæunn Stefánsdóttir og Práinn Lárusson. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Ragnar Sigurðsson boðaði forföll vegna veikinda.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerð stjórnarfundar nr. 132

Fundargerð stjórnar Austurbrúar nr 132 var samþykkt af stjórn og verður undirrituð rafrænt.

2. Staða á samningum Austurbrúar fyrir árið 2023

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu samninga Austurbrúar og stöðuna á þeim fyrir rekstrarárið 2023. Sagði hún vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs vera í fullum gangi og verið væri að vinna í endurnýjun samninga fyrir næsta ár.

Niðurskurður verður á fjármunum miðað við framlögð fjárlög til fyrstu umræðu til Sóknaráætlunar sem þýðir að fjármögnun inn í þau verkefni er undir. Í lokin sagði hún frá því að Austurbrú hefði hlotið viðurkenningu frá Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki og væri það virkilega ánægjulegt.

3. Alþjóðleg samstarfsverkefni

Framkvæmdastjóri kynnti á fundinum ný samstarfsverkefni sem eru í gangi með styrkjum úr alþjóðlegum sjóðum. Hún sagði miklar kröfur vera gerðar til fyrirtækja í umsóknarferlinu og sterkari efnahagur Austurbrúar í dag gerði stofnunina samkeppnishæfari en áður og því ánægjulegt að hafa fengið þrjú verkefni úr umsóknum á þessu ári. Þessi verkefni eru MEDiate sem er samstarfsverkefni með Veðurstofunni og HÍ hér á landi. Verkefnið snýst um að skoða seiglu einstaklinga á svæðum þar sem veðurofsi hefur átt sér stað. Annað verkefni ber heitið HuT og eru íslenskir samstarfsaðilar Veðurstofan og Almannavarnir Íslands, verkefnið snýst um að þróa leiðir til að draga úr hættu vegna hamfara af völdum loftlagsbreytinga. Þriðja verkefnið nefnist SAF og felst það í að kanna framtíðarmöguleika á umhverfissvænum flugeldsneyti.

4. Invest in Austurland

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu og samstarf við Ferðamálastofu og Íslandsstofu en verkefnið er liður í að auka fjárfestingu í ferðaþjónustu á Austurlandi. Verður haldinn fundur í Reykjavík í nóvember þar sem landshlutinn verður kynntur fyrir fjárfestum og vefsvæði með upplýsingum þessu tengdu opnað á austurland.is.

5. Staða ýmsa verkefna og viðburðir framundan

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna varðandi verkefni sem eru í vinnslu og stöðu þeirra. Kynnti hún vinnu við nýtt verkefni í samstarfi við nokkra aðila tengdu hringrásarhagkerfinu. Umræður stjórnar um verkefnið og framkvæmdastjóra falið að vinna hugmyndina áfram á grunni umræðna í samstarfi við viðkomandi aðila. Framkvæmdastjóri fór yfir áherslur á fundi sem haldinn var 2.nóvember á Hótel Héraði í samstarfi við Byggðastofnun, Hús- og mannvirkjastofnun og Samtaka iðnaðarins.

6. Önnur mál

Engin önnur mál. Fundi slitið kl 15:15.